

**241. fundur íþróttá- og tómslundanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn
17. maí 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir formaður, Jónína Eyja Þórðardóttir varaformaður, Wojciech Wielgosz aðalmaður, Þráinn Ágúst Arnaldsson aðalmaður og Þóra Marý Arnórsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómslundasviðs.

Fundargerð ritaði: Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómslundasviðs.

Dagskrá:

1. Samningur um umsjá knattspyrnuvalla á Torfnesi - 2021040038

Á 1239. fundi bæjarráðs þann 2. maí 2023, voru lögð fram drög að samningi um umsjá knattspyrnuvalla og 1. hæð í vallarhúsi á Torfnesi við knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokk. Jafnframt er lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómslundasviðs, dags. 21. apríl 2023.

Bæjarráð vísar málinu til umsagnar í íþróttá- og tómslundanefnd.

Íþróttá- og tómslundanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samning með lítilsháttar breytingum um þrifaákvæði undir 3. grein.

2. Mótorsport í Ísafjarðarbæ - 2023050106

Lagt fram erindi frá Georg Val Ívarssyni dags. 7. maí 2023 varðandi aðstöðu til að iðka mótorsport í Ísafjarðarbæ.

Íþróttá- og tómslundanefnd fagnar umræðu um aðstöðu fyrir mótorsport og vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar. Nefndin telur umrætt svæði við Kofra ekki ákjósanlegt vegna nálægðar við íbúðarhverfi.

3. Útikörfuboltavöllur á Torfnesi - 2023050105

Lagt fram erindi frá Þóri Guðmundssyni, formanni barna- og unglingaráðs körfuknattleiksdeildar Vestra, dags. 4. maí 2023 varðandi uppsetningu á nýjum útikörfuboltavelli á Torfnesi.

Íþróttá- og tómslundanefnd tekur vel í erindið um uppbyggingu á útikörfuboltavelli á Ísafirði en frestar því þangað til framtíðarskipulag svæðisins liggur fyrir.

4. Endurskoðun fyrirkomulags Vinnuskólans í Ísafjarðarbæ - 2022090138

Lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og

tómstundansviðs, dags. 15. maí 2023 varðandi stöðuna á Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar.

Íþróttá- og tómstundanevnd frestar málinu og felur starfsmanni nefndarinnar að koma með frekari gögn um fyrirkomulag vinnuskólans.

5. Endurskoðun á reglum fyrir val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ - 2023010105

Lögð fram ný drög að reglum fyrir val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ. Starfsmanni nefndarinnar falið að koma með ný drög að reglum fyrir val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ.

Gestir

Grétar Helgason, forstöðumaður íþróttamannvirkja - 09:20

6. Endurskoðun á umgengnisreglum í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar - 2023010106

Lögð fram ný drög að umgengnisreglum í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. Íþróttá- og tómstundanevnd felur starfsmanni nefndarinnar að afla frekari gagna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ÍSÍ og leggja þau fyrir næsta fund nefndarinnar.

7. Endurskoðun íþróttá- og tómstundastefnu haust 2016 - 2016110023

Lagðar fram umsagnir íbúa varðandi endurskoðun á íþróttá- og tómstundastefnu Ísafjarðarbæjar. Engar umsagnir bárust frá íþróttafélögum í sveitarfélaginu.

Íþróttá- og tómstundanevnd felur starfsmanni að gera ný drög að íþróttá- og tómstundastefnu Ísafjarðarbæjar þar sem tekið er tillit til þeirrar umsagnar sem barst nefndinni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

Jónína Eyja Þórðardóttir

Wojciech Wielgosz

Þráinn Ágúst Arnaldsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Hafdís Gunnarsdóttir